

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 132/2013

2013/EES/67/31

frá 14. júní 2013

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn, um afnám tæknilegra hindrana í
viðskiptum með vín

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 52/2013 frá 22. janúar 2013 um breytingu á XI. viðauka b við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 að því er varðar hálfreyðandi vín, loftblandað, hálfreyðandi vín og hreinsað þrúgumustsþykni ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um vín. Ákvæði löggjafar um vín skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í sjöundu málsgrein inngangsorða að bókun 47 við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 8. lið (reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007) í 1. viðbæti við bókun 47 við EES-samninginn:

„– **32013 R 0052:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 52/2013 frá 22. janúar 2013 (Stjtíð. ESB L 20, 23.1.2013, bls. 44).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 52/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 20, 23.1.2013, bls. 44.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.